

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um afturköllun dvalarleyfis
og brottvísun erlendra ríkisborgara.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Eru ákvæði í íslenskum lögum um niðurfellingu tímabundins og ótímabundins dvalarleyfis erlendra ríkisborgara sambærileg ákvæðum í löggjöf annarra norrænna ríkja?
- Eru ákvæði í íslenskum lögum um brottvísun erlendra ríkisborgara sambærileg ákvæðum í löggjöf annarra norrænna ríkja?
- Ef framangreind ákvæði eru ekki sambærileg ákvæðum í löggjöf annarra norrænna ríkja, hefur ráðherra hug á að leggja til breytingar sem eru til þess fallnar að færa íslenska löggjöf nær löggjöf annarra norrænna ríkja?

Skriflegt svar óskast.